

Hrútsfjallstindar


Guðjón Snær Steindórsson

Ásbúð 7, 210 Garðabæ

Íslenskir jöklar hafa mikið aðdáttafl og þeirra má njóta á ýmsan hátt. Jöklagöngur eru án efa sú leið sem ég kys helsta eða að ganga á tinda í jaðri jöklanna. Í vestanverðum Örafajökli, á milli Skaftafellsjökuls og Svínafellsjökuls, eru Hrútsfjallstindar. Tindarnir eru fjórir og er sá hæsti 1875 m hár. Þeir hafa um nokkuð skeið verið aðgreindir sem Suðurtindur (1854 m), Miðtindur (1852 m), Hátindur (1875 m) og Vesturtindur (1756 m). Þessir fögru tindar hafa löngum heillað fjallgöngufólk en gangan á þá þykir fremur krefjandi og er ekki á allra færi. Um nokkrar leiðir er að ræða á Hrútsfjallstinda, jafnt til klifurs eða göngu. Lýsingar á leiðum þessum má finna í ársriti íslenska Alpaklúbbsins árið 1993 og á heimasíðu hans (www.isalp.is). Fyrst var gengið á þrjá tindanna þann 19. ágúst 1953 og reyndar voru þar á ferð félagar í Jöklarannsóknfélaginu. Á fjórða tindinn, sem nú er nefndur Suðurtindur, var svo fyrst gengið á 7. maí 1982. Sú leið sem hér er sagt frá, upp suðvesturhlíð Eystra-Hrútsfjalls, var fyrst farin árið 1981 og í ágúst 1983 var farið á Suðurtind eftir henni. Hækkunin af Svínafellsjökli upp á hæsta tindinn er um 1400 metrar. Ferð þessa fór ég ásamt Snævari Guðmundssyni féлага mínum um miðjan maí 2005.

Til þess að komast að rótum Hrútsfjalls er fyrst gengið inn Svínafellsjökul, um 5 km leið. Ætlun okkar var að fara fyrst inn undir fjallið og leggja okkur þar í nokkra stund áður en fjallgangann sjálf hæfist. Við lögðum af stað upp Svínafellsjökul síðdegis þann 15. maí og gekk ferðin vel þrátt fyrir að jökullinn væri töluvert sprunginn. Að ganga inn í þennan fagra fjallasal er mikilfenglegt enda rísa hæstu tindar og hlíðar landsins umhverfis. Við vorum um tvo tíma inn að Hrútsfjalli og gengum þá af jöklinum í um 400 m hæð og upp í gróna urð í undirhlíðum Vestara-Hrútsfjalls. Þar er „Stóri steinninn“ svonefndi, rísa-

vaxið grettistak þar sem fjallamenn leggjast gjarnan við til hvíldar áður en farið er upp á Hrútsfjallstinda. Þarna er sannkallaður sælureitur og friðsældin algjör en þó stöku sinnum rofin af drunum frá falli Svínafellsjökuls. Það vekur athygli að jafnvel rjúpan hefur fundið sér athvarf hér. Þetta umhverfi hefur mikið breyst frá því ég var hér fyrst á ferð fyrir rúmum 20 árum. Það er ótrúlegt nú hvað jöklarnir hér hafa hoptað. Þar sem áður voru úfnir skriðjöklar sjást nú aðeins berir klettur og urðir.



Kort af umhverfi Hrútsfjallstinda. – A Lambert Conformal Conic, ISN93 datum map produced by Matthew Roberts showing the location of Mt. Hrútsfjall. Elevation contours are placed at 10 m intervals.

Við sváfum í nokkra tíma undir berum himni áður en við lögðum af stað í sjálft klifrið. Svefnbúnaðurinn var skilinn eftir og við tókum aðeins það nauðsynlegasta með enda ætlunin að vera fljótir í förum og hafa léttar byrðar. För okkar lá í fyrstu upp Vestara-Hrútsfjall en í um 800 m hæð fórum við yfir skrið-



Ofar: Greinarhöfundur á Svínafellsjökli með Hrútsfjallstinda í baki. Neðar: Í brattasta kaflanum þarf að klifra með ýtrustu gát. Sjá má niður á Svínafellsjökul um 800 m neðar. – *Top: The author at Svínafellsjökull, view towards the Mt. Hrútsfjall peaks. Below: Climbing Mt. Hrútsfjall.* Ljós./Photos. Snævarr Guðmundsson, 15. maí 2005.

jökulinn á milli Hrútsfjallanna beggja og yfir í eystra fjallið. Þegar þangað kom þótti okkur tímabært að fara á mannbrodda enda þarf að klifra brattan harðfennisskafi og yfir hamrabelti til þess að komast upp á hrygginn undir Suðurtindi Eystra-Hrútsfjalls. Þessi

hluti leiðarinnar þarfnast stöðugar aðgátar enda skaflinn langur og brattur og þarf ekki að spyrja að leiklokum ef bylta á sér stað.

Veðrið var mjög gott allan tímann, bjart til himins og logn. Tindarnir og jöklarnir skörðuðu sínu feg-

ursta og göngufærið var eins og best var á kosið og gekk því ferðin greiðlega. Eftir um fjögurra tíma klifur og göngu vorum við komnir upp á Suðurtind. Það var ljúf stund að standa þar og njóta uppskeru erfiðisins og ekki spillti fyrir frábært útsýni til allra átta. Frá Suðurtindi gengum við síðan á Hátind og Vesturtind Hrútsfjalls. Komið var fram yfir hádegi þegar við héldum af stað niður vestanverðan Vesturtindinn. Þá var sólbráðin orðin talsverð og færið því farið að þyngjast. Síðan lá leiðin niður Gvendargil (kennt við

gönguhrólfinn Guðmund Pétursson), en um það liggur nokkuð brött gönguleið frá Svínafellsjökli á Hrútsfjall, vestan við Vestara-Hrútsfjall. Þaðan gátum við gengið nánast beint niður að svefnstað okkar. Þar fengum við okkur snarl og hvíldumst en héldum síðan sem leið lá niður Svínafellsjökul.

Þessi ferð mun ávallt verða mér mjög sérstæð og standa upp úr í safni minninganna sem frábær fjallaferð í óspilltri og stórbrotinni náttúru hinna íslensku jökla.



Efst: Á fjallsöxlinni sunnan undir Suðurtindi Hrútsfjalls. Hvannadalshnjúkur og Dyrhamar í baksýn. Neðar: Á leiðinni niður af Hrútsfjalli. Vesturtindur í forgrunni, en fjær sést til Dyrhamars. – Top: At the southern peak of Mt. Hrútsfjall, view towards Hvannadalshnjúkur, the highest peak in Iceland. Below: The western peak of Mt. Hrútsfjall. Ljósmynd. Snævarr Guðmundsson.